

Miklatorg hf.

Umhverfisuppgjör

2018

Miklatorg hf.
Kauptúni 4 210 Garðabær
5412932809

Samantekt

Umhverfismál hjá IKEA á heimsvísu

Loftslagsbreytingar eru stærsta viðfangsefni okkar tíma. Þær eru málefni sem gengur þvert á landamæri og krefst samhents átaks einstaklinga, fyrirtækja og stjórnvalda um allan heim. Verkefnið er gríðarlega stórt og það krefst grettistaks allra sem að koma. Einstaklingar hafa tekið við sér; mikill meirihluti þeirra vill lifa sjálfbærara lífi og IKEA hefur sett sér markmið um að gera sem flestum það kleift. Þar að auki hefur IKEA sett sér afar metnaðarfulla stefnu um umhverfisvernd í eigin starfsemi og allri virðiskeðjunni. Sá tími er liðinn að stórfyrirtæki geti skorast undan því að sinna þeirri samfélagslegu skyldu sinni að líta í eigin barm og gera starfsemi sína sjálfbærari hvar sem því verður við komið. Umhverfisstefna IKEA á heimsvísu, People & Planet Positive, kom fyrst út árið 2012, með markmiðum til 2020, og var uppfærð 2018 með markmiðum til 2030. Þar er viðfangsefnunum skipt í þrjú flokka: **Heilsusamlegt og sjálfbært líf, sanngjarnt og réttlátt samfélag og hringrás og orkuhlutleysi.** IKEA á Íslandi starfar að sjálfsögðu samkvæmt þessari sameiginlegu stefnu allra IKEA landa, og gefur einnig út kolefnisbókhald og samfélagsskýrslu um reksturinn hér á landi.

Árangursríkar aðgerðir

Sýn IKEA er **að gera daglegt líf þægilegra fyrir sem flesta.** Í því felst einnig að axla samfélagsábyrgð og mörgum markmiðum er þegar náð. Til að mynda hefur öll bómull sem notuð er í IKEA vörur frá september 2015 verið frá bómullarbændum sem nota sjálfbærari framleiðsluaðferðir; minna vatn, minni áburð og minna skordýraeitur. Einnig var farið alla leið með LED lýsingu árið 2015 og nú hefur tekist að framleiða LED perur á verði sem engan hefði óráð fyrir aðeins nokkrum árum áður. Þetta eru aðeins dæmi um leiðir sem við förum til að hjálpa fólki um allan heim að lifa sjálfbærara lífi. Aðstæður eru mismunandi á hinum fjölmörgu mörkuðum þar sem IKEA rekur verslanir og á flestum þeirra er orka mun takmarkaðri auðlind en hér á landi. Settar hafa verið upp tæplega milljón sólarrafhlöður á IKEA byggingar um allan heim og fyrirtækið á og rekur nokkur hundruð vindmyllur. Allt er þetta gert til að ná markmiði um orkuhlutleysi.

Umhverfisvernd er okkur í blóð borin

IKEA er í einstakri stöðu til að auðvelda milljónum manna að lifa sjálfbærara lífi heima. Þessi ábyrgð er tekin alvarlega og viðskiptavinir okkar eru hvattir til að spara orku og vatn, draga úr sóun og lifa heilsusamlegu lífi. Litlar breytingar hjá hverjum og einum af næstum milljarði gesta IKEA á ári, skapa breytingar sem skipta jörðina máli.

Umhverfismál og samfélagsábyrgð hjá IKEA á Íslandi

IKEA á Íslandi hefur lagt mikla áherslu á að verða leiðandi í bæði umhverfis- og samfélagsmálum. Við höfum lagt mikla vinnu í að ná utan um umhverfisáhrif félagsins á heildstæðan hátt, draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, minnka urðun á úrgangi og minnka pappírnotkun og notkun á neysluvatni með markvissum hætti.

Í takti við stefnu IKEA undirritaði þáverandi framkvæmdastjóri IKEA á Íslandi, Loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar árið 2015. Yfirlýsingin var afhent í tengslum við loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem fór fram í París í desember 2015. Reykjavíkurborg og Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð fyrirtækja, hafa haldið utan um yfirlýsingu fyrirtækjanna og fylgja henni eftir með fræðslu sem boðið hefur verið upp á í tengslum við verkefnið. Markmið Loftslagsverkefnisins eru að:

- Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda
- Minnka myndun úrgangs
- Mæla árangurinn og gefa reglulega út upplýsingar um stöðu ofangreindra þátta

Í kjölfar undirritunar var lögð sérstök áhersla á lið 3 og árin eftir að yfirlýsingin var undirrituð var lögð mikil vinna í að safna upplýsingum um kolefnisspor fyrirtækisins. Þá var umhverfisstjórnunarhugbúnaður Klappa innleiddur til að halda utan um kolefnisspor IKEA á Íslandi. Árið 2018 þar fyrir utan hefur verið ráðist í ýmis verkefni:

- Umbætur í flokkun; á skrifstofu, öðrum baksvæðum og í verslun
- Aukin fræðsla um umhverfismál fyrir starfsfólk, bæði til að kynna þeim það sem þegar er gert og hvetja alla til að gera betur í sínu daglega umhverfi
- Aðgengi að rafhleðslustöðvum hefur verið stóraukið
- Nýtt vefsvæði var sett upp þar sem hægt er að kynna sér upplýsingar um Vefsvæði er í smíðum á vef IKEA þar sem gerð verður grein fyrir upplýsingum og markmiðum fyrirtækisins í umhverfismálum og samfélagsábyrgð.

Fyrsta umhverfisskýrsla IKEA á Íslandi kom út í október 2018 þá fyrir árin 2015, 2016 og 2017. Skýrsla fyrir 2018 kom út í október 2019.

Áherslur og árangur í umhverfismálum árið 2018

Á árinu 2018 var lögð áhersla á að nýta betur hugbúnaðinn Klappir CORE þar sem haldið er utan um umhverfismál okkar á heildstæðan hátt.

Í júní 2018 voru settar upp sólarcellur á u.þ.b. 160 fermetra svæði á þaki tæknibyggingar á lóð IKEA og mynda þær stærsta sólarorkuver á Íslandi. Sólarcellurnar eru hugsaðar sem tilraunaverkefni til að kanna hvernig gangi að nota slíka tækni á Íslandi og hversu hagkvæmt það sé.

Hér fyrir neðan má sjá upplýsingar um losun IKEA sem fellur undir umfang 1, 2 og 3 fyrir árið 2018. Einnig er fjallað sérstaklega um þá rekstrarþætti sem falla undir hvert umfang og telja inn í kolefnisspor okkar. Í flestum tilvikum má sjá aukningu á notkun þeirra afurða sem hafa áhrif á umhverfisspor okkar en hana má að mestu leyti rekja til aukinna umsvifa IKEA á Íslandi.

Umfang 1: Bein losun

Til umfangs 1 telst bein losun frá starfsemi fyrirtækja. Í tilfalli IKEA á Íslandi er eingöngu um að ræða eldsneyti. Eldsneytisnotkun jókst um rúm 8% milli ára.

Umfang 2: Óbein losun

Til umfangs 2 telst óbein losun fyrirtækis vegna notkunar þess á rafmagni og heitu vatni. Í töflu 1 hér að neðan má sjá að losun í umfangi 2 dróst saman um 7,6% á milli áráanna 2017 og 2018.

Rafmagnsnotkun IKEA jókst lítillega á milli ára eða um 4,4%. Á sama tíma jukust umsvif um 21%.

Umfang 3: Óbein losun

Til umfangs 3 telst óbein losun fyrirtækis vegna varnings og þjónustu sem það kaupir og selur. Í umhverfisuppgjörinu hér að neðan má sjá að losun frá þeim þáttum í umfangi 3 sem mældir voru jókst um 5,7% á milli áráanna 2017 og 2018 en þeir voru; millilandaflutningar, innanbæjargámaakstur, vöruflutningar innanlands, millilandaflug vegna viðskiptaferða og úrgangur.

Langstærsti losunarliður IKEA í umfangi 3 er flutningur varnings til Íslands sem hefur aukist töluvert undanfarin ár og nam aukningin frá 2017 til 2018 21%. Millilandaflutningurinn er um 75% af kolefnisspori IKEA á Íslandi.

Annar stærsti losunarpáttur IKEA í umfangi 3 árið 2018 var losun vegna förgunar og meðhöndlunar á úrgangi sem myndaðist við reksturinn og nam 267 tonnum CO₂ ígilda. Heildarmagn úrgangs jókst aðeins um 1,5% á sama tíma og flokkaður úrgangur jókst um 11% og óflokkaður úrgangur dróst saman um tæp 28%. Flokkunarhlutfallið hefur hækkað jafnt og þétt undanfarin ár og er nú 83%. Þann árgangur má þakka áherslu sem lögð eru á flokkun allan ársins hring.

Stærsti einstaki úrgangsflokkurinn frá IKEA er bylgjupappi, enda er öllum okkar vörum pakkað í slíkar umbúðir. Í skoðun er að kaupa baggavél sem þjappar bylgjupappanum saman í kubba og sparar þannig tíðar ferðir sorphirðuaðila að sækja hann.

Farnar voru færri viðskiptaferðir árið 2018 en árið 2017 og því dróst losun sem af þeim stafaði saman á milli ára. Samtals nam lækkunin 23,5%. Flugferðir starfsmanna munu héðan í frá streyma beint inn í gagnagrunn umhverfismála og falla undir umfang 3 í umhverfisuppgjörinu. Millilandaflutningur og námskeið eru nokkuð algeng vegna alþjóðlegrar tengingar fyrirtækisins.

Mótvægisáðgerðir

Ákveðið var að kolefnisjafna starfsemi IKEA á Íslandi frá árinu 2017. Kolefnisjöfnunin fór til jafns fram í gegnum Votlendissjóð og Kolvið og nam 1.907 tCO₂í árið 2018. Áformað er að halda áfram að kolefnisjafna reksturinn árlega og skoða í hvert skipti fyrir sig með hvaða hætti það verður gert.

Rekstrartölur	Eining	Ár			
		2015	2016	2017	2018
LYKILTÖLUR					
Velta	mISK	6.722	7.770	8.842	11.676
Eigið fé	mISK	0	0	0	0
Stöðuígildi	fj.stm.	0	0	0	0
Stærð húsnæðis	m ²	20.600	22.600	22.600	22.600
Stærð húsnæðis	m ³	0	0	0	0
Fjárfesting í sjálfbærni	mISK	0	0	0	0
Kolefnisskattur (ESR)	ISK	52.253	53.341	84.342	136.699
Kolefnisskattur (ETS)	ISK	0	0	0	0
Hlutfall endurnýjanlegrar orku	%	69%	97%	98%	98%
<i>Árangursmælikvarði félags</i>					
Seldar vörur	m3	31.685	38.259	49.929	60.472

* Vinsamlegast bætið við lykil mælieiningu fyrir þinn rekstur og eyðið svo þessu leiðbeiningum. Þetta gæti verið flutt ton, veidd ton, framleiddir lítrar...

Umhverfisuppgjör

Eftirfarandi tafla veitir yfirlit um árangur félagsins með tímanum og inniheldur ESG gögn.

ESG uppgjör		Ár			
LYKILTÖLUR - Umhverfi (E)	Eining	2015	2016	2017	2018
Bein og óbein losun gróðurhúsalofttegunda (E1 UNGC GRI 305-1 to 305-4)					
Umfang 1	tCO2í	23	23	35	63
Umfang 2 (landsnetið)	-	482	0	0	0
Umfang 2 (með afskráningu upprunaáb.)	-	0	37	79	73
Umfang 3	-	986	1.153	1.677	1.772
Samtals (Umfang 1, 2 [landsnetið], og 3)	tCO2í	1.492	1.213	1.791	1.907
Mótvægisáðgerðir	-	0	0	0	1.770
Kolefnisspor án mótvægisáðgerða	tCO2í	1.492	1.213	1.791	137
Kolefniskræfni (E2 UNGC GRI 305-4)					
Kolefniskræfni orku	tCO2í/MWs	0,47	0,35	0,22	0,26
Kolefniskræfni starfsmanna	tCO2í/fj.stm.	-	-	-	-
Kolefniskræfni veltu	tCO2í/mkr	0,22	0,16	0,20	0,16
Kolefniskræfni sölu	tCO2e/sala	0,05	0,03	0,04	0,03
Samdáttur í vísitölu frá grunnári	%	0%	-33%	-24%	-33%
Bein og óbein orkunotkun (E3 UNGC GRI 302-1, 302-2)					
Heildarorkunotkun	kWst	3.159.841	3.422.439	8.208.493	7.467.055
Vegna notkunar á jarðefnaeldsneyti	-	90.588	90.138	135.271	146.269
Vegna raforkunotkunar	-	3.069.252	3.332.301	3.574.510	3.672.992
Vegna heitavatnsnotkunar	-	0	0	4.498.712	3.647.794
Orkukræfni (E4 UNGC GRI 302-3)					
Orkukræfni starfsmanna	kWst/fj.stm.	-	-	-	-
Orkukræfni veltu	kWst/mkr	470	440	928	640
Orkukræfni flatar máls	kWst/m2	153	166	398	362
Helstu orkugjafir (E5 UNGC GRI 302-1)					
Helstu orkugjafir	Orkugerð	0	0	Jarðvarmi	Rafmagn
Endurnýjanleg orkukræfni (E6 UNGC-P7,P8,P9 GRI 302-1)					
Hlutfall endurnýjanlegrar orku	%	69%	97%	98%	98%
Hlutfall endurnýjanlegrar raforku	-	71%	100%	100%	100%
Vatnsnotkun (E7 UNGC GRI 403-5)					
Heildarnotkun á vatni	m ³	0	0	38.778	62.893
Kalt vatn	-	0	0	0	0
Heitt vatn	-	0	0	38.778	62.893
Endurunnið vatn (ef við á)	-	0	0	0	0
Endurnýtt vatn (ef við á)	-	0	0	0	0
Meðhöndlun úrgangs (E8 UNGC GRI 306-2)					
Heildarmagn úrgangs	kg	723.447	856.929	1.018.783	1.034.482
Flokkað	kg	454.625	561.146	771.953	855.900
Óflokkað	-	268.822	295.783	246.830	178.582
Úrvinnsla sorps (E8 UNGC GRI 306-2)					
Flokkað	%	63%	65%	76%	83%
Óflokkað	-	37%	35%	24%	17%
Til eyðingar	-	0%	0%	0%	0%
Endurvinnsluhlutfall	-	0%	0%	0%	0%
Úrgangsvísir	kg/mISK	108	110	115	89
Umhverfis- og auðlindastefna (E9 UNGC GRI 103-1 to 103-3)					
Hefur félagið innleitt umhverfisstjórnunarkerfi?	Já/Nei	Já	Já	Já	Já
Hefur félagið mótað og birt umhverfisstefnu?	-	Já	Já	Já	Já
Sérstök umhverfisáhrif (E10 UNGC GRI 307-1)					
Bar félagið lagalega ábyrgð á umhverfisáhrifum?	Já/Nei	0	0	0	0
Pappírnotkun (E11 UNGC GRI 103-2)					
Heildarfjöldi prentaðra blaðsíðna	bls.	0	0	0	0
Litaprent	%	0%	0%	0%	0%
Svart/hvít prent	-	0%	0%	0%	0%
Tvíhliða prentun	-	0%	0%	0%	0%
Stýring virðisæðju (E12 UNGC GRI 103-2)					
Losun verktaka	tCO2í	0	0	0	0
Losun við flutning á eigin vörum og/eða þjónustu	-	0	0	0	0
Eignarstýringarkerfi (E13 UNGC GRI 103-2)					
Stærð skrifstofuhúsnæðis	m ²	20.600	20.600	20.600	20.600
Hlutfall þess sem notar LED lýsingu	%	0%	0%	0%	0%

Viðhengi		Ár			
SUNDURLIÐUN Á LYKILTÖLUM	Eining	2015	2016	2017	2018
Bein og óbein losun GHG (E1 UNGC GRI 305-1 to 305-4)					
Heildarlosun	tCO2í	1.492	1.213	1.791	1.907

Vegna viðskiptaferða	-	0	0	0	0
Par af flugferðir	-	17	21	17	13
Par af leigubílaferðir	-	0	0	0	0
Vegna sjóflutninga	-	784	931	1.385	1.423
Vegna landflutninga	-	0	0	61	69
Vegna ferða starfsmanna til og frá vinnu	-	0	0	0	0
Vegna úrgangs	-	186	201	214	267
Vegna eldsneytisnotkunar	-	23	23	35	38
Vegna rafmagnsnotkunar	-	482	37	39	40
Vegna heitavatsnotkunar	-	0	0	0	32
Helstu orkugjafar (E5 UNGC GRI 302-1)					
Bensín	lítrar	715	1.039	247	587
Díselolía	-	8.323	7.981	13.172	13.953
Metangas	-	0	3	0	0
Vetni	kg	0	0	0	0
Raforka	kWst	0	0	0	0
Heitt vatn	m ³	0	0	0	0
Hlutfall helstu orkugjafa (E5 UNGC GRI 302-1)					
Helsti orkugjafi	Orkugerð	0	0	Jarðvarmi	Rafmagn
Jarðefnaeldsneyti	%	2,9%	2,6%	1,6%	2,0%
Raforka	-	97,1%	97,4%	43,5%	49,2%
Jarðvarmi	-	0,0%	0,0%	54,8%	48,9%
Endurnýjanleg orkukræfni (E6 UNGC-P7,P8,P9 GRI 302-1)					
Endurnýjanleg raforka	kWst	2.179.169	3.332.301	3.574.510	3.672.992
Endurnýjanlegur jarðvarmi	-	0	0	4.498.712	3.647.794
Endurnýjanlegt eldsneyti	-	0	0	38.778	62.893
Verkefni til kolefnisjöfnunar á losun rekstrar					
Kolefnisjöfnun með skógrækt	tCO2í	0	0	0	885
Kolefnisjöfnun með endurheimtun votlendis	-	0	0	0	885
Önnur kolefnisjöfnun	-	0	0	0	0

Skýringar

1. Fjárhagsár

Fjárhagsár félagsins er frá 1. janúar til 31. desember. Nema annað sé tekið fram nær uppgjörið utan um alla starfsemi félagsins.

2. Uppgjörsaðferð

Við notum umhverfisstjórnunarkerfið Klappir Core sem safnar gögnum og framkvæmir sjálfkrafa útreikninga. Nánari upplýsingar er að finna á www.klappir.com

3. Bein og óbein losun gróðurhúsalofttegunda (E1)

Við útreikningar á kolefnisspori er stuðst við The Greenhouse Gas Protocol. Losun mismunandi gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi félagsins hefur verið umreiknuð í koltvísýringsígildi (CO₂e). Umfang 1 inniheldur beina losun frá starfsemi fyrirtækisins, Umfang 2 inniheldur óbeina losun vegna rafmagns- og heitavatnsnotkunar og Umfang 3 inniheldur losun frá virðisæðju fyrirtækisins.

4. Kolefni og orkupéttni (E2)

Við styðjumst við tvo mismunandi árangursvísa við mælingar á árlegri frammistöðu okkar í loftslagsmálum. Það er hlutfall endurnýjanlegrar orku af heildarorkunotkun félagsins og losun kolefnisígilda á eining.

5. Bein og óbein orkunotkun (E3)

Útreikningur á losun koltvísýringsígilda vegna rafmagnsnotkunar byggir á samsetningu orku þegar tekið hefur verið tillit til sölu á upprunaábyrgðum. Árið 2018 er gert ráð fyrir að félagið hafi engöngu notað endurnýjanlega raforku.

6. Vatnsstjórnun (E7)

Inniheldur allt vatn sem notað er í starfsemi félagsins.